



FUNDARGERÐ 498. FUNDAR STJÓRNAR SORPU

Stjórnarfundur SORPU bs., kt. 510588-1189, þriðjudaginn 4. júní 2024. Fundurinn er settur klukkan 07:35. Fundurinn er staðfundur að Köllunarklettsvegi 1, 104 Reykjavík.

Fundarstjóri: Valdimar Víðisson, formaður stjórnar.

Fundarritari: Gunnar Dofri Ólafsson.

Sækja fund: Aldís Stefánsdóttir, Árelía Eydís Guðmundsdóttir, Orri Hlöðversson, Svana Helen Björnsdóttir, og Valdimar Víðisson.

Jón Viggó Gunnarsson framkvæmdastjóri, Gunnar Dofri Ólafsson, samskipta- og viðskiptaþróunarstjóri, og Þórhallur Hákonarson fjármálastjóri sækja staðfund.

Til fundarins hafði verið boðað með lögformlegum hætti í samræmi við starfsreglur stjórnar og er því fundurinn ákvörðunar- og ályktunarbær.

Tekið fyrir

1. Samskipti á milli funda

Stjórn hélt vinnufund stjórnar á Grand hótél þriðjudaginn 28. maí.

2. Endurskoðun gjaldskrár

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir ferli við ákvörðun reglubundinna gjaldskrárbreytinga.

3. Málefni endurvinnslustöðva

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir málefnum endurvinnslustöðva og stöðu hönnunar endurvinnslustöðvar við Lambhagaveg.

Stjórn SORPU bókar eftirfarandi:

„Stjórn felur framkvæmdastjóra að halda áfram að vinna að fullnaðarhönnun húss fyrir endurvinnslustöðina við Lambhagaveg, til dæmis kosti þess að byggja að fullu yfir endurvinnslustöðina við Lambhagaveg. Slíkt er líklegt til að auka aðgengi íbúa að henni, sérstaklega þegar horft er til veðurfars.“

4. Endurnot á textíl

Samskipta- og viðskiptaþróunarstjóri gerir grein fyrir minnisblaði um fyrirhugaðar aðgerðir til að stuðla að auknum endurnotum á textíl.

Stjórn þakkar fyrir minnisblaðið og samþykkir þá nálgun sem lögð er til í því.



5. Samningar um endurvinnslu- og grenndarstöðvar

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir stöðu samnings um endurvinnslu- og grenndarstöðvar. Framkvæmdastjóri segir þörf fyrir að gera breytingar á samningunum, meðal annars til að rúma textílsöfnun á grenndarstöðvum.

Stjórn felur framkvæmdastjóra að undirbúa þær breytingar sem þörf er á til að samningar um endurvinnslu- og grenndarstöðvar taki til textílsöfnunar og annarra breytinga sem hafa orðið.

6. Starfsáætlun stjórnar lögð fram til samþykktar

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir drögum að starfsáætlun stjórnar.

Stjórn samþykkir framlagða starfsáætlun.

7. Siða- og starfsreglur SORPU bs. – umboð til endurbóta vegna athugasemda frá innri endurskoðun

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir þörf á endurskoðun siða- og starfsreglna SORPU.

Stjórn felur framkvæmdastjóra að vinna málið áfram.

8. Aðalfundur SORPU bs. – ákvörðun um dagsetningu

Lagt er til að aðalfundur SORPU verði haldinn 20. júní næstkomandi.

Stjórn samþykkir tillöguna.

9. Skýrsla framkvæmdastjóra

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir skýrslu framkvæmdastjóra.

10. Önnur mál

Stjórn vekur máls á mikilli ásókn í gáma Góða hirðisins. Stjórn heimilar framkvæmdastjóra að leigja fleiri gáma til að mæta þeirri ásókn

Framkvæmdastjóri vekur athygli stjórnar á stöðu Kjósarhrepps vegna svæðisáætlunar og upplýsir um að gerður verði viðauki við svæðisáætlun Suðvesturlands sem fellir Kjósarhrepp undir áætlunina.

Næsti fundur

Næsti fundur er boðaður þriðjudaginn 18. júní.

Fleira var ekki gert og fundi slitið 09:22.